

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/409*  
*komudagur 2.12.2003*

**EYÞING** – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla, 24. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings telur tillögu um stofnun sérstaks stjórnsýsluskóla óþarfa og leggst gegn samþykkt hennar. Í tillögunni, og þó sérstaklega í greinargerð hennar, felast hins vegar mikilvægar ábendingar sem þörf er á að taka til skoðunar. Til eru þær menntastofnanir í landinu sem vel geta brugðist við þeim ábendingum og tekið að sér að byggja upp nám í opinberri stjórnsýslu, bæði sem símenntun og sem grunnnám. Sí- eða endurmenntunamámskeið hafa bæði verið haldin við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og við Símenntun Háskólans á Akureyri og eðlilegt að á því sé byggt fremur en að setja á fót nýja stofnun. Auk þess má benda á að svigrúm er til að þróa frekar nám í greinum opinberrar stjórnsýslu við deildir Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jóhannson  
framkv.stjóri